

Fundargerð Skólaráðs

Dagsetning og tími: 19.6.2019 – 17:00



Fundarstaður: Kaffistofa

Mættir:

Elfa Birkisdóttir – Skólastjóri
Ágústa Malmquist, fulltrúi foreldra
Guðni Sighvatsson, fulltrúi starfsmanna grunnskóladeildar
Thelma Rún Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda
Smári Stefánsson, fulltrúi foreldra grunnskóladeildar
Ragnhildur Sævarsdóttir, fulltrúi foreldra leikskóladeildar
Margrét Þórarinsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
Guðmundur Finnbogason, Aðstoðarskólastjóri sat fundinn

Forföll:

Hrafnhildur Eypórsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóladeildar

Boðað var til aukafundar skólaráðs vegna álitserðar Gunnars Gíslasonar um kennslu á unglingastigi.

Fundargerð:

1. Elfa spyr um athugasemdir við fundarboðið enda fyrirvarinn skemmri en venjulega. Fundarmenn gera engar athugasemdir og samþykkja fundarboðið. Elfa óskar einnig eftir því að GF riti fundargerð og sitji fundinn. Fundarmenn samþykkja það.
2. Elfa fer yfir ferlið fram að gerð álitserðarinnar. Elfa fer yfir álitserðina ásamt þeim gögnum sem að stjórnendur hafa lagt fram fram vegna málsins.
Eftir góðar umræður setti skólaráð samana eftirfarandi ályktun:

Ályktun vegna kennslu á unglingastigi í Bláskógabyggð

Skólaráð Bláskógaskóla Laugarvatni hvetur Sveitarstjórn Bláskógabyggðar til að ganga ekki gegn faglegu áliti skólastjórnenda sveitarfélagsins um skipan mála þegar kemur að kennslu á unglingastigi. Að mati ráðsins er álitserð Gunnars Gíslasonar efnisrýr og ekki til þess fallin að byggja ákvörðun af þessari stærðargráðu á. Fremur en að sameina unglingastigið á einum stað ætti að líta til styrkleika hvors skóla fyrir sig og leyfa þeim að vaxa og dafna á eigin forsendum með samstarfi sín á milli. Verði kennsla á unglingastigi á Laugarvatni lögð af er án efa verið að rýra lífsgæði íbúa Laugardals og Þingvallasveitar og forsendubrestur er kemur að fjölgun íbúa í vesturhluta sveitarfélagsins.

Skólaráð felur skólastjóra að koma þessari ályktun til sveitarstjórnar.

Fundi slitið klukkan 18:10

Fundargerð ritaði: Guðmundur Finnbogason
Næsti fundur er boðaður af skólastjóra.

Smári Stefánsson
Guðni Sighvatsson

Thelma Rún
Margrét Þórarinsdóttir

Ragnhildur Sævarsdóttir
Ágústa Malmquist